



Atvinnuveganefnd Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík

Sunnanverðir Vestfirðir, 8. maí 2024

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, mál nr. 930

Vísað er í erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis dags. 24.04.2024 þar sem sveitarfélögunum er sent til umsagnar *930. mál – Lagareldi*. Umsögnin sem hér fer á eftir er sameiginleg frá sveitarfélögunum Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi og er að mörgu leyti samhljóma sameiginlegri umsögn sveitarfélaganna til Matvælaráðuneytisins dagsett 10.01.2024 varðandi sama mál.

### 1. Inngangur

Umsagnaraðilar fagna því að frumvarp að heildarlöggjöf um lagareldi sé komið fram með það markmið að skapa m.a. sjókvíaeldi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbærri nýtingu og með áherslu á að minnka neikvæð áhrif á vistkerfið. Umsagnaraðilar hafa um árábil kallað eftir stefnumótun og skýrari lagaramma um sjókvíaeldi og telja að með þessu lagafrumvarpi sé komið til móts við það ákall.

### 2. Skýrleiki laganna

Umsagnaraðilar fagna því að ýmislegt í frumvarpinu hefur verið skýrt betur en var í upphaflegu útgáfunni sem var kynnt í upphafi árs. Það er lykilatiði í lagasetningunni að forsendur séu skýrar og óvissuþáttum sé eytt eins og mögulegt er.

### 3. Samfélagsleg áhrif

Umsagnaraðilar eru fylgjandi áframhaldandi uppbyggingu sjókvíaeldis á Vestfjörðum og leggja áherslu á að hugað sé að samfélagslegum áhrifum einstakra greina frumvarpsins. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að í sjálfbærri þróun felist að fyrirtæki, stofnanir og hverskyns skipulagsheildir axli ábyrgð og hafi uppbyggileg áhrif á umhverfi, stjórnarhætti og samfélag. Umsagnaraðilar taka undir mikilvægi þess að aðilar í greininni axli ábyrgð á starfsemi sinni. Rétt er að benda á að sjókvíaeldi er ráðandi atvinnugrein á sunnanverðum Vestfjörðum og hafa verður í huga þau samfélagslegu og efnahaglegu áhrif sem refsingar og takmarkanir á starfsemi fyrirtækja í greininni geta haft bæði á íbúa og sveitarfélög.

### 4. Gjaldtaka

Umsagnaraðilar taka undir það sem fram kemur í stefnu um uppbyggingu og umgjörð lagareldis að gjaldtaka af greininni skuli vera sanngjörn og í samræmi við umsvif hennar, sbr. það sem kemur fram í XIV. kafla lagafrumvarpsins.

Því er því fagnað að í frumvarpinuni er Fiskeldissjóði breytt í Samfélagssjóð sjókvíaeldis þar sem umsóknarferli verði lagt af, líkt og boðað er í 81. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ráðstöfunarfé sjóðsins verði fjárveiting hverju sinni af fjárlögum og aðeins í greinargerð er það nefnt að þriðjungur tekna af gjaldi eigi að renna í Samfélagssjóðinn. Umsagnaraðilar telja að sem mest af þeim opinberu gjöldum sem innheimtast af starfsemi sjókvíaeldis eigi að renna til þess nærsamfélags þar sem verðmætin verða til, líkt og komið hefur fram í fyrri umsögnum og í ályktunum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Tryggja þarf að fyrirsjáanleiki sé í þessum tekjustofni sveitarfélaga og því telja umsagnaraðilar að sterkara væri að það hlutfall framleiðslugjalds sem renna á í Samfélagssjóð væri nefnt í lögnum sjálfum í stað greinargerðar.

Umsagnaraðilar fagna því að í frumvarpinu sé lögð áhersla á að fjármunir muni renna til sveitarfélaga í samræmi við umfang sjókvíaeldis og þar með þar sem þörf er fyrir innviðaupbyggingu. Þó er mikilvægt að ráðuneytið fylgist vel með því hvort sveiflur verði á greiðslum til sveitarfélaganna, sem tengist ekki minnkuðum umsvifum. Ákvarðanir fiskeldisfyrirtækjanna um breytt vinnulag sem gæti t.d. falist í ákvörðun um slátrun fisks með öðrum hætti en gert er í dag eða að aðeins verðir ráðnir verktakar til starfa eru meðal áhrifaþátta. Mikilvægt er að hægt verði að grípa hratt inn í ef forsendur tekjuskiptingarinnar endurspeгла ekki umfang sjókvíaeldis í viðkomandi byggð. Umsagnaraðilar leggja áherslu á að endurskoðunarákvæði verði um þá tekjuskiptingu sem verður fyrir valinu og að fylgst verði með því að tekjurnar skili sér til þeirra sveitarfélaga sem sannarlega þurfa að standa í mikilli innviðaupbyggingu vegna áhrifa sjókvíaeldis á sveitarfélögin.

Þá vilja umsagnaraðilar leggja áherslu á að ríkið nýti þær tekjur sem í ríkisjóð koma af framleiðslugjaldi fiskeldis til uppbyggingar þeirra innviða sem ríkið ber ábyrgð á. Það er óumdeilt að á Vestfjörðum er mikil þörf á bæði uppbyggingu og viðhaldi á opinberum mannvirkjum. Þar er nærtakast að benda á vegakerfið sem er hvorki hannað né byggt til þess að bera þá þungaflutninga sem fylgja aukningu í fiskeldi sem orðið hefur á Vestfjörðum. Umsagnaraðilar telja því eðlilega kröfu á ríkið að þær tekjur sem ríkið fær af þessari starfsemi verði nýttar til að byggja þessa innviði upp.

## 5. Smitvarnarsvæði og tímalengd leyfa

Umsagnaraðilar fagna þeirri afmörkun smitvarnarsvæða sem boðuð er í IV. kafla frumvarpsins og telja að þar sé reynsla annara þjóða nýtt á skynsamlegan hátt.

Umsagnaraðilar telja óvarlegt að rekstrarleyfi til sjókvíaeldis verði ótímabundin eins og fram kemur í 33. grein frumvarpsins. Vissulega þarf tímalengd leyfa að vera með þeim hætti að það borgi sig fyrir rekstraraðila að leggja í þann kostnað sem fylgir uppbyggingu og þróun atvinnugreinarinnar. Það á þó ekki að vera ávísun á ótímabundin leyfi, enda er verið að nýta staðbundnar auðlindir sem eru sameign íslenskrar þjóðar og lífæð nærsamfélaganna.

## 6. Eftirlit og stjórnarsýsla

Í frumvarpinu er lögð áhersla á aukið eftirlit, vöktun og rannsóknir með framleiðslunni til að koma í veg fyrir að sjókvíaeldi hafi neikvæð umhverfisleg áhrif til framtíðar og sjálfbæra nýtingu.

Opinber störf er tengjast þjónustu, vöktun og eftirliti með sjókvíaeldi skulu vera á þeim svæðum sem starfsemin fer fram, sem leiðir til mögulegs inngrips áður en formlegs eftirlits er krafist auk þess sem viðbragð væri sneggra og þéttara og þar með árangursíkara. Umsagnaraðilar skora því á stjórnvöld að skilyrða í lögum að hluti nýrra starfa í eftirliti, vöktun og rannsóknum séu staðbundin og unnin í námunda við framleiðsluna. Á árinu 2024 verður þekkingasetur fiskeldis opnað í Vatneyrarbúð á Patreksfirði, með fyrirmyndar aðstöðu fyrir aðila í þjónustu-, rannsóknar- og eftirlitsstarfsemi. Markmiðið er að í þekkingasetrinu skapist samfélag sjálfstæðra sérfræðinga og eftirlitsaðila með aukin tækifæri til samvinnu þeirra á milli og fjarlægð við eftirlitsskylda aðilum. Fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis vegna umfjöllunar um skýrslu Ríkisendurskoðunar kom fram að Matvælastofnun og Umhverfisstofnun hafi eftirlitsmenn í nálægð við fiskeldissvæði og það hafi gefið góða raun og taldi meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis því mikilvægt að efla starfsstöðvar í nálægð við fiskeldið sem myndi tryggja sjálfstæði eftirlitsaðila gagnvart eftirlitsskyldum aðilum og styrkja eftirlit í héraði. Í frumvarpinu er lögð áhersla á tækifæri til atvinnusköpunar og eins og meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis benti á er mikilvægt að fjölga þeim störfum í nálægð við fiskeldið.

Umsagnaraðilar fagna ákvæðum um móttöku og afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi í 26. gr. frumvarpsins sem er ætlað að auka skilvirkni við afgreiðslu umsagna.

## 7. Niðurlag

Að lokum leggja umsagnaraðilar áherslu á að lagareldi sé byggt á vísindalegum grunni. Að vísindalegri nálgun sé beitt við ákvarðanir sem varða áhrif á umhverfi, vistkerfi, dýravelferð og sjúkdóma en ekki pólitískri nálgun þar sem þrýstingur hagsmunaaðila getur haft áhrif á ákvarðanir.

Umsagnaraðilar lýsa sig tilbúna til þess að koma að áframhaldandi vinnu um framtíð lagareldis þar sem nauðsynlegt er að sveitarfélögin komi að þeirri vinnu sem fram undan er. Þétt samstarf við sveitarfélögin um þá þætti sem snúa að nærsamfélagi sjókvíaeldis er forsenda sanngjarnara og hagkvæmara kerfis fyrir öll.

F.h. umsagnaraðila

Ólafur Þór Ólafsson  
sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps

Þórdís Sif Sigurðardóttir  
bæjarstjóri Vesturbyggðar